

Orðaforði og málfræði I

Málfræði fyrir próf

Uppbygging

- Skriflegt próf í stofu 28. nóvember 2023 (9.00-12.00) – í Inspera:
 - a) Lesskilningur – 40%
 - Tveir textar. Nemendur þurfa að svara skilningsspurningum úr ólesnum textum sem byggja á námsefninu.
 - b) Orðaforði – 20%
 - Nemendur þurfa að þekkja og geta notað allan orðaforða úr námsefninu.
 - c) Málfræði – 40%
 - Nemendur þurfa að þekkja öll málfræðiatríði sem við fórum í. Nemendur þurfa bæði að geta **notað málfræði** (færni) og að **sýna skilning á málfræði** (þekking).

færni : þekking

- færni (e. *skill*);
 - læra utan að og geta notað í eyðufyllingum
 - Ég (fara) fer út í búð.
- þekking (e. *knowledge*);
 - þekkja beygingu og geta valið rétt svar, t.d. í svona dæmum
 - ég borða _____
 - a) fiskurinn
 - b) fiskinn
 - c) fiskinum
 - d) fisksins

Fallbeyging persónufornafna

– þessi tafla verður gefin í prófinu

	1.p.	2.p.	3.p.			
Eintala			kk.	kvk.	kynhlutlaust	hk.
nf.	ég	þú	hann	hún	hán	það
þf.	mig	þig	hann	hana	hán	það
þgf.	mér	þér	honum	henni	háni	því
ef.	mín	þín	hans	hennar	háns	þess
Fleirtala						
nf.	við	þið	þeir	þær	þau	þau
þf.	okkur	ykkur	þá	þær	þau	þau
þgf.	okkur	ykkur	þeim	þeim	þeim	þeim
ef.	okkar	ykkar	þeirra	þeirra	þeirra	þeirra

Fallbeyging eignarfornafna

– þessi tafla verður gefin í prófinu

	1.p.				2.p.		
Eintala	kk.	kvk.	hk.		kk.	kvk.	hk.
nf.	minn	mín	mitt		þinn	þín	þitt
þf.	minn	mína	mitt		þinn	þína	þitt
þgf.	mínum	minni	mínu		þínum	þinni	þínu
ef.	míns	minnar	míns		þíns	þinnar	þíns
Fleirtala							
nf.	mínir	mínar	mín		þínir	þínar	þín
þf.	mína	mínar	mín		þína	þínar	þín
þgf.	mínum	mínum	mínum		þínum	þínum	þínum
ef.	minna	minna	minna		þinna	þinna	þinna

Fallbeyging reglulegra nafnorða

	kk. veik	kk. veik m. gr.	kk. sterk	kk. sterk m. gr.	kvk. veik	kvk. veik m. gr.	kvk. sterk	kvk. sterk m.gr.	hk. sterk	hk. sterk m.gr.
Eintala										
nf.	penni	penninn	hestur	hesturinn	stelpa	stelpan	rós	rósín	blóm	blómið
þf.	penna	pennann	hest	hestinn	stelpu	stelpuna	rós	rósina	blóm	blómið
þgf.	penna	pennanum	hesti	hestinum	stelpu	stelpunni	rós	rósinni	blómi	blóminu
ef.	penna	pennans	hests	hestsins	stelpu	stelpunnar	rósar	rósarinnar	blóms	blómsins
Fleirtala										
nf.	pennar	pennarnir	hestar	hestarnir	stelpur	stelpurnar	rósir	rósirnar	blóm	blómin
þf.	penna	pennana	hesta	hestana	stelpur	stelpurnar	rósir	rósirnar	blóm	blómin
þgf.	pennum	pennunum	hestum	hestunum	stelpum	stelpunum	rósum	rósunum	blómum	blómunum
ef.	penna	pennanna	hesta	hestanna	stelpna	stelpnanna	rósa	rósanna	blóma	blómanna

Fallbeyging reglulegra nafnorða með -a- í stofni

	kk. veik	kk. veik m. gr.	kk. sterk	kk. sterk m. gr.	kvk. veik	kvk. veik m. gr.	kvk. sterk	kvk. sterk m.gr.	hk. sterk	hk. sterk m.gr.
Eintala										
nf.	lampi	lampinn	garður	garðurinn	gata	gatan	gjöf	gjöfin	barn	barnið
þf.	lampa	lampann	garð	garðinn	götu	götuna	gjöf	gjöfina	barn	barnið
þgf.	lampa	lampanum	garði	garðinum	götu	götunni	gjöf	gjöfinni	barni	barninu
ef.	lampa	lampans	garðs	garðsins	götu	götunnar	gjafar	gjafarinnar	barns	barnsins
Fleirtala										
nf.	lampar	lamparnir	garðar	garðarnir	götur	göturnar	gjafir	gjafirnar	börn	börnin
þf.	lampa	lampana	garða	garðana	götur	göturnar	gjafir	gjafirnar	börn	börnin
þgf.	lömpum	lömpunum	görðum	görðunum	götum	götunum	gjöfum	gjöfunum	börnum	börnunum
ef.	lampa	lampanna	garða	garðanna	gatna	gatnanna	gjafa	gjafanna	barna	barnanna

Kyn og tala lýsingarorða (aukaföll ekki prófuð)

	kk.		kvk.		hk.	
Eintala	reglulegt	-a- í stofni	reglulegt	-a- í stofni	reglulegt	-a- í stofni
nf.	gulur	latur	gul	löt	gult	latt
þf.	<i>gulan</i>	<i>latan</i>	<i>gula</i>	<i>lata</i>	<i>gult</i>	<i>latt</i>
þgf.	<i>gulum</i>	<i>lötum</i>	<i>gulri</i>	<i>latri</i>	<i>gulu</i>	<i>lötu</i>
ef.	<i>guls</i>	<i>lats</i>	<i>gulrar</i>	<i>latrar</i>	<i>guls</i>	<i>lats</i>
Fleirtala						
nf.	gulir	latir	gular	latar	gul	löt
þf.	<i>gula</i>	<i>lata</i>	<i>gular</i>	<i>latar</i>	<i>gul</i>	<i>löt</i>
þgf.	<i>gulum</i>	<i>lötum</i>	<i>gulum</i>	<i>lötum</i>	<i>gulum</i>	<i>lötum</i>
ef.	<i>gulra</i>	<i>latra</i>	<i>gulra</i>	<i>latra</i>	<i>gulra</i>	<i>latra</i>

Fallbeyging töluorða

	Karlkyn	Kvenkyn	hverugkyn		Karlkyn	Kvenkyn	hverugkyn
	einn				tveir		
Nf.	einn	ein	eitt	Nf.	tveir	tvær	tvö
Þf.	einn	eina	eitt	Þf.	tvo	tvær	tvö
Þgf.	einum	einni	einu	Þgf.	tveimur	tveimur	tveimur
Ef.	eins	einnar	eins	Ef.	tveggja	tveggja	tveggja
	þrír				fjórir		
Nf.	þrír	þrjár	þrjú	Nf.	fjórir	fjórar	fjögur
Þf.	þrjá	þrjár	þrjú	Þf.	fjóra	fjórar	fjögur
Þgf.	þremur	þremur	þremur	Þgf.	fjórum	fjórum	fjórum
Ef.	þriggja	þriggja	þriggja	Ef.	fjögurra	fjögurra	fjögurra

Fallvaldar (forsetningar og sagnir)

- Hvaða föllum stýra forsetningar?
- Hvaða föllum stýra sagnir?
- Í námskeiðinu höfum við talað um forsetningar og sagnir og hvaða falli þær stjórna. Nemendur þurfa að vita hvaða falli þær stjórna og geta notað það.
- Dæmi: Maðurinn borðar _____ (fiskur)
- Dæmi: Bankinn er við hliðina á _____ (kirkja)

Sagnbeyging – 1. flokkur, nútíð

borða	nútíð	tala	nútíð
Ég	borða		tala
Þú	borðar		talar
Hann/hún/hán/það	borðar		talar
Við	borðum		tölum
Þið	borðið		talið
Þeir/þær/þau	borða		tala

Sagnbeyging – 1. flokkur, nútíð

- Nemendur þurfa að kunna beygingu þessara sagna:
 - baka, borða, byrja, dansa, elda, elska, hjóla, hlusta, hugsa, kosta, panta, þrjóna, prófa, skrifa, slappa af, sofna, spila, spjalla, tala, teikna, vakna, ætla

Sagnbeyging – 2. flokkur, nútíð

synda	nútíð
Ég	syndi
Þú	syndir
Hann/hún/hán/það	syndir
Við	syndum
Þið	syndið
Þeir/þær/þau	synda

Sagnbeyging – 2. flokkur, nútíð

- Nemendur þurfa að kunna beygingu þessara sagna í nútíð:
 - flýta sér, gera, gleyma, heimsækja, heita, henda, heyra, hitta, horfa á, hringja, kaupa, klæða sig, leigja, læra, reyna, segja, senda, skemmta sér, sækja, æfa sig

Sagnbeyging – 3. flokkur, nútíð

drekka	nútíð
Ég	drekk
Þú	drekkur
Hann/hún/hán/það	drekkur
Við	drekkum
Þið	drekkið
Þeir/þær/þau	drekka

Sagnbeyging – 3. flokkur, nútíð

- Nemendur þurfa að kunna beygingu þessara sagna í nútíð:
 - drekka, ganga, gefa, geta, gráta, hafa, halda, hlaupa, koma, liggja, selja, setja, sitja, skilja, sofa, standa, syngja, taka, vinna

Sagnbeyging – 3. flokkur, nútíð og þátíð

koma	nútíð	þátíð eintala
Ég	kem	kom
Þú	kemur	komst
Hann/hún/hán/það	kemur	kom
Við	komum	
Þið	komið	
Þeir/þær/þau	koma	

Sagnbeyging – 4. flokkur, nútíð

búa	nútíð
Ég	bý
Þú	býrð
Hann/hún/hán/það	býr
Við	búum
Þið	búið
Þeir/þær/þau	búa

Sagnbeyging – 4. flokkur, nútíð og þátíð

fara	nútíð	þátíð eintala
Ég	fer	fór
Þú	ferð	fórst
Hann/hún/hán/það	fer	fór
Við	förum	
Þið	farið	
Þeir/þær/þau	fara	

Sagnbeyging – óreglulegar, nútíð og þátíð

vera	nútíð	þátíð eintala
Ég	er	var
Þú	ert	varst
Hann/hún/hán/það	er	var
Við	erum	
Þið	eruð	
Þeir/þær/þau	eru	

Sagnbeyging – óreglulegar, nútíð

þurfa	nútíð
Ég	þarf
Þú	þarft
Hann/hún/hán/það	þarf
Við	þurfum
Þið	þurfið
Þeir/þær/þau	þurfa

Sagnbeyging – óreglulegar, nútíð

vilja	nútíð
Ég	vil
Þú	vilt
Hann/hún/hán/það	vill
Við	viljum
Þið	viljið
Þeir/þær/þau	vilja

Sagnbeyging – óreglulegar, nútíð

eiga	nútíð
Ég	á
Þú	átt
Hann/hún/hán/það	á
Við	eigum
Þið	eigið
Þeir/þær/þau	eiga

Sagnbeyging – óreglulegar, nútíð

kunna	nútíð
Ég	kann
Þú	kannt
Hann/hún/hán/það	kann
Við	kunnum
Þið	kunnið
Þeir/þær/þau	kunna

Sagnbeyging ópersónulegra sagna með frumlagi í þolfalli

langa	nútið
Mig	langar
Þig	langar
Hann/hana/hán/það	langar
Okkur	langar
Ykkur	langar
Þá/þær/þau	langar

Ópersónulegar sagnir með frumlagi í þolfalli

- Sagnir sem nemendur verða að geta notað (færni):
 - dreyma - mig dreymir
 - langa - mig langar
 - vanta - mig vantar

Sagnbeyging ópersónulegra sagna með frumlagi í þágufalli

finnast	nútið
Mér	finnst
Þér	finnst
Honum/henni/háni/því	finnst
Okkur	finnst
Ykkur	finnst
Þeim	finnst

Ópersónulegar sagnir með frumlagi í þágufalli

- Sagnir sem nemendur verða að geta notað (færni):
 - finnast gaman/skemmtilegt – mér finnst gaman / mér finnst bananar góðir
 - líða vel / illa – mér líður vel
 - ganga vel – mér gengur vel
 - vera heitt – mér er heitt
 - vera illt – mér er illt
 - vera kalt – mér er kalt

Þátíð

– nemendur þurfa að þekkja þátíð í setningum

- Merktu við setningu í þátíð.

- a) Ég ætla í sund um helgina.
- b) Þið farið í sund um helgar.
- c) Við fórum í sund um helgina.
- d) Farðu í sund á morgun!

- Svar: c) Við fórum í sund um helgina.

- Merktu við setningu í þátíð.

- a) Ég er að reyna að læra íslensku.
- b) Ég reyni að læra íslensku.
- c) Ég ætla að reyna að læra íslensku.
- d) Ég reyndi að læra íslensku en það gekk ekki vel.

- Svar: d) Ég reyndi að læra íslensku en það gekk ekki vel.